

Niðurstöður úr matsblaði vegna stefnu og markmiða Hulduheima.

Að mæta barninu þar sem það er statt, einstaklingsmiðað nám og að læra í samspili við aðra:

Einstaklingsmiðað nám- Börnin fá að spreyta sig eftir getu og áhuga og fá hvatningu eftir því sem við á. Starfsfólk fylgist með þroska barna og stöðu og byggja ofan á það, þeim er mætt þar sem þau eru stödd. Þörfum þeirra er mætt á ýmsan hátt t.d. með auka málörvun, styrkingu í félagsfærni, æfingar í fín- og grófhreyfingum, færa til í sæti eða hvíld og jafnvel hópi. Færnin er kennd í gegnum leik og/eða beina kennslu.

Hvernig læra þau í samspili við aðra? Í leik, hópastarfi, markvissum samverustundum, með herminámi, með því að upplifa og prófa sjálf, leiðbeina hvert öðru. Börnin læra í samskiptum við hvort annað þar sem þau læra að skiptast á, taka tillit til annarra og virða hvort annað. Börnin hlusta á, fylgjast með hvert öðru og leika saman.

Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu. Tækifæri til að rannsaka og skoða osfrv.

Hvernig kynnast börnin samfélaginu og nánasta umhverfi? Við byrjum alltaf á að vinna út frá barninu sjálfu þegar það er mjög ungt og víkkum svo út þekkingarheiminn eftir því sem þau eldast. Þau læra að kynnast samfélaginu innan leikskólans og því fólki sem stendur þeim næst, mikið unnið með fjölskylduna. Ung börn eru að uppgötva umhverfið næst þeim. Börnin kynnast samfélaginu einnig í vettvangsferðum, gönguferðum og skógarferðum. Börnin hafa farið í lambaferðir, elliheimilið, hesthúsið, bókasafnið, kirkjuferð, heimsókn í aðra skóla, farið í íþróttahúsið. Þau kynnast samfélaginu einnig í gegnum könnunaraðferðina, með umræðum, lestri bóka.

Tækifæri til að rannsaka umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum- Á leikskólalóðinni finna börnin allskyns skordýr, þau tína fífla og ber og leika sér með greinar. Í könnunaraðferðinni eru viðfangsefni rannsökuð í þaula. Þau fara í vettvangsferðir, skoða bækur, leita að upplýsingum á netinu, koma með eitthvað að heiman, leika sér í skóginum á eigin forsendum. Börnin vinna úr upplýsingum t.d. í frjálsa leiknum, með frásögnum, listsköpun, upprifjun og samræðum, skoða ljósmyndir.

Að börnin kynnist lýðræði. Læri virðingu og að leggja sitt af mörkum.

Hvernig er virðing kennd? Með aga, reglum og fyrirmælum, starfsfólk sýnir fyrirmynd með því að bera virðingu fyrir börnunum, Art þjálfun, umræður í leik og samverustundum, setja sig í spor annarra, stuðla að friðsamlegum úrlausnum á árekstrum, að vera góð hvert við annað, leiðbeining í samskiptum. Tækifæri til að leggja sitt af mörkum- börnin eru hvött til að tjá sig og segja sína skoðun, reynt að skapa aðstæður til að þau leggi sitt af mörkum.

Hvernig fá börnin að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif? Hlustum á börnin, mæta óskum þeirra, taka þátt í að velja dót fyrir val og bók í lestrarstund og lög í söngstund, spjall í samverustund, könnunaraðferðarviðfangsefni koma frá börnunum, hafa áhrif á hvað fer á diskinn í matartíma.

Einkunnarorðin

Endurspeglu leikskólastarfið og skólabragurinn einkunnarorðin? Já starfsfólk telur það sbr. fyrri svör. Börnum er kennd virðing fyrir öðrum, börnin höfð með í ráðum, þau hafa rödd og geta haft áhrif. Í leikskólanum eru ólíkir einstaklingar sem fá allir jöfn tækifæri.

Spurning hvort að við mættum gera betur varðandi lýðræði. Eru einkunnarorðin óþjál fyrir börnin til að læra. Eigum við að breyta þeim?

Hvernig getum við gert einkunnarorðin sýnileg í leikskólanum? Hengja þau upp á vegg á deildum, hafa þau stór og sýnileg við alla innganga, hafa þau að leiðarljósi, vera meðvituð um þau, vinna eftir þeim, vinna markvissara með þau. Einkunnarorðin með lógói mættu vera á húsinu. Lógó á buff, sundpoka (útskriftargjafir?), vinnuboli 😊